

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2023  
Tilvísun nr. 162/2023

## Efni: Umsögn Frjálsa lífeyrissjóðsins (Frjálsa) um áform um breytingu laga til að auka val einstaklinga á fjárfestingarkostum í viðbótarsparnaði

Nú er starfandi hópur sem vinnur að gerð grænbókar um lífeyriskerfið sem er undanfari hvítbókar með tillögum um lagabreytingar. Frjálsi telur rétt að beðið verði með að leggja fram frumvarp um aukið valfrelsi til fjárfestinga í viðbótarsparnaði og að óskað verði eftir að grænbókarhópurinn rýni málið. Í framhaldinu yrði ákveðið hvort ofangreint frumvarp yrði lagt fram eða efnistöð þess í samráði við hagsmunaaðila.

Frjálsi fagnar inntakinu í áformunum því skv. þeim þá munu einstaklingar hafa meira frelsi um það hvernig þeir ávaxta viðbótarsparnaðinn sinn. Núverandi valkostir sjóðfélaga eru fyrst og fremst innlán og blönduð verðbréfasöfn með fyrirfram skilgreindum fjárfestingarstefnum sem vörsluaðilarnir ákveða. Áformin fela m.a. í sér að einstaklingar geti fjárfest í einstökum verðbréfum, verðbréfasjóðum eða í eignaflokkum í þeim hlutföllum sem þeir óska. Frjálsi telur mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga við gerð frumvarpsins:

- Rýmka þarf lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar og mikilvægt að þær gildi um alla viðbótartryggingavernd eins og hún er skilgreind í lögum nr. 129/1997 til að minnka flækjustig.
- Gera má ráð fyrir því að kostnaður við einstaka fjárfestingar sem sjóðfélagi velur sé hlutfallslega hærrí en kostnaður ávöxtunarleiða vörsluaðila séreignarsparnaðar. Mikilvægt er að sjóðfélagi beri sjálfur slíkan kostnað en honum verði ekki deilt á meðal annarra sjóðfélaga sem velja hefðbundnar ávöxtunarleiðir.
- Gera þarf ráð fyrir því að iðgjöldum sem ráðstafað er í nýja fjárfestingarkosti sé hægt að nýta í núverandi sértæk úrræði, s.s. fyrstu íbúð, sem gilda um viðbótarsparnað í dag
- Í dag gilda ákveðnar útgreiðslureglur um viðbótarsparnað og mikilvægt er að sömu útgreiðslureglur gildi um nýja fjárfestingarkostinn til að lágmarka flækjustig. Út frá því sjónarmiði að unnt sé að sinna útgreiðslum lögum samkvæmt er því rétt að þær fjárfestingar sem verða í boði hafi innlausnarskyldu, sem dæmi fjárfestingar líkt og skráð verðbréf, hefðbundnir verðbréfasjóðir eða innlán.
- Löggjöfin þarf að miða við að vörsluaðilar séreignarsparnaðar hafi val um hvort þeir bjóði upp á viðbótarfjárfestingarkosti við þá sem þeir bjóða nú þegar.
- Huga þarf að því hvernig skýrslugjöf vörsluaðila lífeyrissparnaðar til eftirlitsaðila verði háttáð um þær fjárfestingar sem sjóðfélagi tekur sjálfur ákvarðanir um.

Frjálsi ítrekar stuðning sinn við áformin en leggur áherslu á að grænbókarhópurinn rýni málið og að frumvarpið verði samið í samráði við heildarsamtök vörsluaðila lífeyrissparnaðar, þ.e. Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Arnaldur Loftsson  
Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins